

ÞINGGERÐ  
KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS  
ÍSLANDS



26. ÁRSPING  
1985-1986

26. ÁRSPING KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS

Haldið í fundarsal Íþróttasambands Íslands í Laugardal

26. ÁRSPING KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS

Haldið í fundarsal ÍSÍ í íþróttamiðstöðinni Laugardal 14. júní 1986.

FYRRI HLUTI.

1. SETNING ÞINGSINS.

Formaður KKÍ, Björn M. Björgvinsson, setti þingið. Hann bauð alla velkomna og þá sérstaklega framkvæmdastjóra ÍSÍ Sigurð Magnússon. Þar næst var gengið til dagskrár.

2. a) KOSNING KJÖRBRÉFANEFNDAR.

Stungið var upp á: Sigurði Val Halldórssyni  
Gísla Georgssyni  
Ásgrími Ingólfssyni  
og voru þeir rétt kjörnir.

b) KOSNING ÞINGFORSETA.

Lagt var til að Hermann Guðmundsson yrði 1. þingforseti og Sigurbergur Björnsson 2. þingforseti. Ekki bárust fleiri tillögur og voru þeir því rétt kjörnir.

c) KOSNING ÞINGRITARA

Margrét Eiríksdóttir var kosin þingritari og Kristinn Albertsson varaþingritari.

3. KOSNING FASTRA NEFNDA.

Tillögur fráfarandi stjórnar:

Laga- og leikreglanefnd	Allsherjarnefnd
Auðunn Ágústsson	Sigurður V. Halldórss.
Brynjar Sigmundsson	Þorgeir I. Njálsson
Eiríkur Sigurðsson	Sigurður Hjörleifsson

Fjárhagsnefnd  
Kristinn Albertsson  
Hannes Ágúst Jóhannesson  
Jón Sigurðsson

#### 4. FRÁFARANDI STJÓRN GEFUR SKÝRSLU.

Formaðurinn Björn M. Björgvinsson flutti skýrsluna f.h. stjórnar KKÍ.

Hann sagði að erfiðlega hefði gengið að manna mótanefnd og E.M. nefnd og hefði orðið að setja stjórnarmenn í þessar nefndir. Dómarar báru í fyrsta sinn auglýsingar á búningum sínum. Fræslustjóri var ekki endurráðinn vegna sparnaðar, hann minntist á allsherjarnefndafundi sem voru þrír og taldi að lítið sem ekkert hefði komið út úr þeim. Hann sagði að menn væru almennt ánægðir með keppnisfyrirkomulag í yngri flokkum en skiptar skoðanir um fyrirkomulagið í bikarkeppninni. Fallið var frá áformum um afmælisfagnað vegna áhugaleysis. Lokahóf KKÍ tókst vel og taldi hann gott að halda það strax eftir bikarúrslitaleik og þá á föstudegi. Að lokum fór Björn lítilega yfir skýrslu sína frá ársþingi FIBA í London sem hann sótti og benti fundarmönnum á að skýrslu KKÍ hefði verið dreyft meðal þingfulltrúa.

Nú hafði kjörbréfanefnd lokið störfum og var það Sigurður Valur Halldórsson sem las upp nöfn þingfulltrúa. Þingið sátu eftirtaldir fulltrúar:

Frá ÍBR	Sigurbergur Björnsson
	Sigurður Valur Halldórsson
	Guðmundur Gylfi Guðmundsson
	Markús S. Markússon
	Sigurður Einarsson
	Kristinn Ó. Magnússon
	Auðunn Ágústsson
	Helgi Helgason
	Kristinn Albertsson
	Björn Zoéga
	Leifur Gústafsson
	Jón Steingrímsson
	Hannes Ágúst Jóhannesson
	Margrét Eiríksdóttir
	Gísli Georgsson
	Hilmar Gunnarsson

Frá ÍBR (frh)

Ágúst Líndal  
Guðni Guðnason  
Jón Sigurðsson  
Kristinn F. Árnason  
Einar Bollason  
Björn M. Björgvinsson

Frá ÍBS

Eyjólfur Guðlaugsson  
Hjálmar Hallgrímsson  
Egir Ágústsson  
Frímann Ólafsson  
Brynjar Sigmundsson  
Jóhann G. Einarsson  
Gunnar G. Gunnarsson  
Árni Einarsson  
Sigríður Guðbjörnsdóttir  
Þórunn Magnúsdóttir

Frá UMSK

Frá ÍBH

Sigurður Hjörleifsson  
Ásgrímur Ingólfsson  
Ingvar Jónsson  
Tryggvi Ásgrímsson  
Magnús Júlíusson  
Skúli Valtýsson  
Sverrir Maríusson

Frá ÍBK

Skúli Skúlason  
Stefán Kristjánsson  
Gunnar Jóhannsson  
Jóhann Sigurðsson  
J. Sigurbjörg Eðvaldsd.

Frá UMSS

Frá ÍA

Frá ÍBA

Þorgeir I. Njálsson  
Sigurður Elvar Ævarsson  
Eiríkur Sigurðsson  
Guðmundur Guðmundsson

5. GJALDKERI LEGGUR FRAM ENDURSKOÐAÐA REIKNINGA TIL SAMÞYKKTAR.

Kristinn Albertsson fráfarandi gjaldkeri las upp reikninga og sagði m.a. að þetta væri í fyrsta sinn sem reikningar KKÍ væru settir upp í Aðalrekstrarreikning og Aðalefnahagsreikning. Hann sagði að velta KKÍ hefði aukist rúmlega tvöfalt og hrósaði E.M. nefn og Kvennalandsliðsnefnd fyrir að skila hagnaði.

Sigurður Magnússon hvaddi sér hljóðs og færði þinginu kveðjur frá Sveini Björnssyni forseta ÍSÍ. Hann bauð alla velkomna í nýtt hús ÍSÍ. Hann sagði þetta vera sitt fyrsta ársþing KKÍ sem framkvæmdastjóri ÍSÍ. Hann þakkaði Birni Björgvinssyni og Kristni Albertssyni fyrir gott samstarf. Hann sagði starf KKÍ hafa aukist mikið og óskaði KKÍ til hamingju með sigurinn í C-Riðlinum. Hann bar þinginu kveðjur Keith Mitchell, sem var hér vegna Evrópukeppninnar. Hann minntist á að ÍSÍ yrði 75 ára á næsta ári og að hótél og gístiaðstaða ÍSÍ yrði opnuð nú á næstu dögum. Hann taldi líklegt að hér eftir gætu styrkir ÍSÍ til aðildafélaga farið vaxandi þar sem nú væru þær framkvæmdir að klárast og einnig væri Lotto að koma inn dæmið. Hann óskaði síðan Körfuknattleikssambandinu alls hins besta.

Opnuð var umræða um skýrslu stjórnar og reikninga. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Reikningar KKÍ voru samþykktir einróma.

6. FRÁFARANDI STJÓRN LEGGUR FRAM FJÁRHAGSÁÆTLUN.

Kristinn Albertsson lagði fram fjárhagsáætlun (þingkjal nr. 8) og skýrði þá liði sem hann taldi þurfa skýringa við. Því næst var fjárhagsáætluninni vísað til fjárhagasnefndar.

7. LAGÐAR FRAM LAGA-OG LEIKREGLNABREYTINGAR.

Björn Björgvinsson talaði fyrir tillögum á þingskjöllum nr. 1, 2 og 3. Hann sagði að hér væri um miklar breytingar að ræða og lagði því til f.h. stjórnar KKÍ að þessari tillögu yrði vísað til millipinganefndar og þar með tækju þessar reglur ekki gildi fyrr en haustið 1987.

Eyjólfur Guðlaugsson talaði fyrir tillögu á þingskjali nr. 5. Hann sagði núverandi leikfyrirkomulag vera orðið staðnað og því þyrfti að breyta því. Hann hvatti menn til umræða um þessi mál.

Sigurður Valur Halldórsson talaði fyrir tillögu á þingskjali nr. 4. Hann ræddi um mun á tæknivítum og brottrekstarvítum. Hann sagðist persónulega vera á móti því að vera kára tæknivíti. Hann sagði einnig að til greina gæti komið að sekta félög fyrir tæknivíti.

Eiríkur Sigurðsson talaði fyrir tillögum á þingskjölum nr. 6 og 7. Hann sagði að fyrir utanbæjarlið eins og Þór þá væri það mikið fjárhagslegt spursmál hvort leiknar væru þrjár eða fjórar umferðir í yngri flokkum.

Tillögu samkvæmt þingskjali nr. 4 var vísað til allsherjarnefndar. Tillögu samkvæmt þingskjali nr. 7 var vísað til fjárhagsnefndar. Öðrum tillögum var vísað til laga- og leikreglnanefndar.

Umræður um tillögur og fjárhagsáætlun.

Einar Bollason tók til máls og þakkaði Sigurði Magnússyni fyrir þann styrk sem KKÍ hefur borist frá ÍSÍ. Hann vildi einnig þakka stjórn KKÍ fyrir gott samstarf og þá sérstaklega Birni M. Björgvinssyni. Hann fagnaði umræðum um breytingartillögur og lagði áherslu á að menn skyldu flýta sér hægt þar sem aðalmálið væri að gera góðar breytingar ekki hvenær þær væru gerðar. Hann mælti með tillögu samkvæmt þingskjali nr. 3, en sagðist ekki skilja til fulls mun á tillögu 1 og 2.

Björn M. Björgvinsson skýrði muninn á tillögu 1 og 2, en hann er fólginnt í mismunandi fyrirkomulagi í I. deild.

#### 8. UMRÆÐA UM AÐRAR TILLÖGUR OG ÖNNUR MÁL.

Enginn önnur mál höfðu borist var því engin umræða.

Var nú gert þinghlé til kl. 14:00 sama dag. Nefndir störfuðu á meðan.

SEINNI HLUTI.

9. NEFNDARÁLIT OG TILLÖGUR OG UMRÆÐUR UM ÞÆR.

a) Fjárhagsnefnd

Kristinn Albertsson mælti fyrir fjárhagsnefnd. Nefndin lagði til nýja breytta fjárhagsáætlun (sjá þingskjal nr. 9) og lagði til að hún yrði samþykkt óbreytt.

Nefndin lagði til að tillögu samkvæmt þingskjali nr. 7 yrði vísað frá og færi í millipinganefnd sem skilaði álitum fyrir næsta þing. Nefnd þessi skyldi skipuð af stjórn KKÍ. Kristinn tók það fram að nefndin væri sammála tillögunni, en hún teldi að meiri upplýsingar þyrftu að koma fram áður en hún kæmi til atkvæðagreiðslu. (sjá þingskjal nr. 10a) Einnig lagði nefndin til að skuld Unglinganefndar við KKÍ yrði afskrifuð um kr. 30.000,00. (Sjá þingskjal nr. 10b)

Þingforseti bar nú fjárhagsáætlun undir atkvæði og var hún samþykkt einróma svo og afskrifun skuldar Unglinganefndar. Einnig var samþykkt einróma að vísa tillögu samkvæmt þingskjali nr. 7 til millipinganefndar, stjórn KKÍ skipar nefndina.

b) Allsherjarnefnd

Sigurður Valur Halldórsson hafði orð fyrir nefndinni. Nefndin lagði til breytingartillögu við þingskjal nr. 4 og lagði til að þingskjal nr. 11a yrði samþykkt óbreytt. Einnig lagði nefndin til að 21. grein um reglugerð fyrir körfuknattleiksmót yrði breytt samkvæmt þingskjali nr. 11b.

Þar sem enginn vildi tjá sig um þessar tillögur þá bar þingforseti þessar tillögur undir atkvæði og voru þær samþykktar einróma.

c) Laga- og leikreglanefnd

Auðunn Ágústsson hafði orð fyrir meirihlutanum. Hann sagði að full samstaða hefði orðið innan nefndarinnar að leggja til að þingskjal nr. 6 yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti bar því þessa tillögu undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.



c) Laga- og leikreglnanefnd frh.

Auðunn hélt síðan áfram og sagði að nefndin hefði klotnað um niðurstöðu á tillögum samkvæmt þingskjölum nr. 1, 2, 3 og 5. Meirihluti nefndarinnar lagði til að tillögum þessum yrði vísað frá og færi fyrir millipinganeftnd sem skilaði niðurstöðum fyrir næsta ársþing (sjá þingskjal nr. 12).

Eiríkur Sigurðsson hafði orð fyrir minnihlutanum en hann lagði til að tillaga samkvæmt þingskjali nr. 13 yrði samþykkt. Hann gerði stuttlega grein fyrir álitinu sínu.

Orðið var gefið laust.

Sigurður Valur Halldórsson kom í pontu og mælti með því að tillaga Eiríks (þingskjal nr. 13) yrði samþykkt. Hann sagði að ekki þyrftu svo miklar breytingar sem Eiríkur vildi og lagði fram tillögu (sjá þingskjal nr. 13 b)

Þar sem sýnt þótti að um tvísýna atkvæðagreiðslu væri að ræða þá óskaði þingforseti eftir því að athugað væri hvort allir sem væru viðstaddir hefðu atkvæðisrétt.

Því næst bar þingforseti frávísunartillögu meirihluta laga- og leikreglnanefndar undir atkvæði.

Samþykkt var með 23 atkvæðum gegn 20 að vísa tillögunni til millipinganeftndar. Það þurfti því ekki að bera tillögu minnihluta undir atkvæði, stjórn KKÍ skal skipa millipinganeftndina.

## 10. ÖNNUR MÁL.

Formaður KKÍ Björn M. Björgvinsson kom í ræðustól og vildi benda á það ófremdarástand sem hefði skapast í 1. flokki og 2. flokki karla þar sem ekki væri búið að leika alla leiki í þessum flokkum vegna þess að félögin hefðu sjálf ákveðið að fresta þessum leikjum án samráðs við KKÍ. Hann kom fram með hugmynd að spila lávarðardeild í turneringsformi t.d. á Akureyri. Hann þakkaði E.M. nefnd fyrir góð störf og þá sérstaklega Guðmundi Þorsteinssyni sem vann alla statestik á tölvu og að forritið væri nú í eigu KKÍ. Hann taldi einnig nauðsynlegt að bæta dómaramál og sagði að hvert félag ætti að eiga lágmark einn dómara fyrir hvern flokk sem það sendir í Íslandsmót.

Að lokum sagðist Björn vilja, f.h. stjórnar KKÍ, heiðra nokkra góða menn sem unnið hefðu körfuknattleiksíþróttinni ómetanlegt starf.

Eftirtaldir fengu gullmerki KKÍ fyrir vel unnin störf:

Guðmundur Þorsteinsson

Guðrún Ólafsdóttir

Gunnar Gunnarsson

Kristinn M. Stefánsson

Hörður Tuliníus

Eiríkur Sigurðsson kom í ræðustól og minntist á hversu slæmt það væri fyrir Þór Akureyri að leika alltaf tvo og tvo leiki í einu. Hann sagði niðurröðun mótsins hafa verið mjög slæma fyrir Þór Akureyri, þar sem um of mikið hlé væri milli leikja.

Kristinn Albertsson vildi að það kæmi fram að Þór hefði verið sent drögin að Íslandsmótinu til umsóknar, en þá hefði engin athugasemd komið frá Þór. Hann sagði að þegar mótið hefði síðan verið komið af stað og mótabók komin út þá hefðu fyrst komið fram kvartanir.

Eiríkur Sigurðsson viðurkenndi að þeir hefðu ekki gert neina athugasemd þegar þeir fengu drögin. Hann sagðist aðeins vilja ítreka það enn einu sinni að liðin sem kæmu norður tækju aðeins einn leik í hverri ferð.

#### 11. KOSNING 3ja MANNA Í KÖRFUKNATTLEIKSDÓMSTÓL OG 3ja MANNA TIL VARA.

Sigurbergur Björnsson hafði orð fyrir kjörnefnd. Nefndin lagði eftirfarandi til:

Aðalmenn: Gísli Gíslason til eins árs.

Kristinn Guðnason til tveggja ára.

Hilmar Hafsteinsson til þriggja ára.

Varam: Atli Arason til eins árs.

Kolbeinn Pálsson til tveggja ára.

Ingi Gunnarsson til þriggja ára.

12. KOSNING EINS MANNS Í AGANEFND TIL ÞRIGGJA ÁRA OG EINS TIL VARA TIL EINS ÁRS.

Kjörnefnd lagði eftirfarandi til:

Aðalmenn: Sigurður Þórarinsson til eins árs.  
Hrafn G. Johnsen til tveggja ára.  
Jón Eysteinnsson til þriggja ára.  
Varamaður: Bogi Þorsteinsson til eins árs.

13. KONSING 3ja MANNA Í NEFND SAMKVÆMT REGLUGERÐ UM ERLENDA LEIKMENN.

Fellur niður þar sem engir erlendir leikmenn eru leyfðir.

14. KOSNING STJÓRNAR, VARSTJÓRNAR, ENDURSKOÐENDA OG FULLTRÚA Á ÍPRÓTTAÐING.

Hörður Gunnarsson óskaði eftir því að vera leystur frá stjórnarstörfum, en hann var upprunalega kjörinn til tveggja ára. Hvorki Hilmar H. Gunnarsson né Þóra Steffensen höfðu áhuga á áframhaldandi stjórnarsetu.

Tillögur kjörnefndar eru því eftirfarandi:

Formaður: Björn M. Björgvinsson  
Sjálfkjörin til eins árs: Kristinn Albertsson  
Stjórnarmenn til tveggja ára: Sigurður Hjörleifsson  
Sigríður Guðbjörnsdóttir  
Stjórnarmaður til eins árs: Guðmundur Gylfi Guðmundss.

Varastjórn: Eyjólfur Guðlaugsson  
Björn Sigurðarson

Endurskoðendur: Gunnar Gunnarsson  
Sigurður Valur Halldórsson

Þingforseti bar þessar tillögur undir atkvæði og voru öll ofangreind kosin einróma.

Kosningu fulltrúa á íþróttadag var að venju vísað til stjórnar.


15. ÞINGFUNDARGERÐIR LESNAR OG STAÐFESTAR.


Þingriturum og þingforsetum var að venju boðið upp á að ganga frá þinggerð og senda hana síðan til þingfulltrúa. Til þess að hlífa þingfulltrúum við löngum lestri þá þáðu þeir það.

16. ÞINGSLIT.

Björn M. Björgvinsson, nýkjörinn formaður, kom síðan í ræðustól og þakkaði það traust sem honum hefði verið sýnt. Hann þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum góð störf og bauð nýja menn velkomna til starfa. Hann þakkaði sérstaklega Kristni Guðnasyni fyrir þær veitingar sem hann gaf þinginu. Að lokum þakkaði hann fundarmönnum fyrir góða setu.

Hann sagði síðan 26. ársþingi KKÍ slitið.

  
Hermann Guðmundsson  
Þingforseti

  
Margrét Eiríksdóttir  
Þingritari

Þingskjöl eins og þau voru lögð fyrir þingið í upphafi.

11. grein í núverandi mynd falli niður í staðin komi ný grein einnig númer 11 sem orðast svo.

Meistaramót Íslands í körfuknattleik innanhús skal halda á tímabilinu 1. október til 15. apríl. Sérráð eða þar til kvödd mótanefnd skal sjá um mótið.

Landsmót karla í meistaraflokki innanhúss skal vera í þrem deildum ÚRVALSDEILD, I. DEILD og II. DEILD.

ÚRVALSDEILD : Keppni Úrvalsdeildar hefst með forkeppni 12 liða, sem leiki einfalda umferð. Rétt til þátttöku í forkeppninni hafa þau 8 lið, sem þátt tóku í Úrvalsdeildinni keppnistímabilið áður svo og þau lið sem urðu í fjórum efstu sætum I. Deildar keppnistímabilið á undan. Liðin í forkeppninni raðast í lokastöðu samkvæmt reglum FIBA. Átta efstu sæti forkeppninnar gefa rétt til þátttöku í Úrvalsdeildinni, en 4. neðstu liðin taka þátt í keppni I. Deildar.

Þegar að forkeppninni lýkur hefst keppni í eiginlegri Úrvalsdeild, sem fer fram á þann hátt, að liðunum 8 er skipt í tvo riðla. Í öðrum riðlinum eru lið, sem urðu númer 1,3,5 og 7 í forkeppninni og í hinum er liðin sem urðu númer 2,4,6 og 8. Í báðum riðlum skal leikin tvöföld umferð - heima og heiman - og einföld umferð á milli riðlanna. Liðin raðast í lokastöðu í báðum riðlum samkvæmt reglum FIBA. Að lokinni riðlakeppni Úrvalsdeildar hefst 4. liða úrslitakeppni, með þátttöku tveggja efstu liðanna úr hvorum riðli. Úrslitakeppnin skal háð í þannig að lið númer 1 úr hvorum riðli leikur við lið númer 2 úr gagnstæðum riðli. Þau tvö lið sem fyrr sigra í tveimur leikjum leika síðan til úrslita. Það lið sem fyrr sigrar í tveimur leikjum telst sigurvegari Úrvalsdeildar og Íslandsmeistari í körfuknattleik. Um leikstaði í úrslitakeppninni gilda þær reglur að það lið sem ofar er að lokinni riðlakeppninni fær fyrsta heimaleik og þann þriðja ef til hans kemur. Ef þau tvö lið sem leika til úrslita eru úr gagnstæðum riðli fær það lið fyrsta heimaleik, sem sigraði í innbyrðis leik liðanna í Úrvalsdeildinni.

I. DEILD : Keppni I. Deildar hefst að lokinni förkeppninni. Í henni taka þátt þau fjögur lið sem urðu í fjórum neðstu sætum förkeppinnar (lið nr 9 til 12) ásamt fjórum öðrum liðum þ. e. tveimur liðum sem voru í I. Deild keppnistímabilið á undan og ekki unnu sér rétt til þátttöku í förkeppninni, né féllu í II. Deild ( lið nr 13 og 14) og þeim liðum sem urðu í tveim efstu sætum II. Deildar keppnistímabilið áður (lið nr 15 og 16). Liðunum skal skipt í 2 riðla í öðrum leika lið númer 9,11,13 og 15, en í hinum lið númer 10,12,14 og 16. Keppni í riðlunum skal vera með sama hætti og í Úrvalsdeild. Að lokinni riðlakeppninni fer fram úrslita keppni með sama sniði og í Úrvalsdeildinni. Sigurvegari hennar telst sigurvegari I. Deildar. Tvö neðstu lið I. Deildar, þegar liðunum hefur verið raðað í eina röð samkvæmt reglum FIBA falla í II. Deild. Fjögur efstu liðin öðlast rétt til þátttöku í förkeppninni að hausti.

II. DEILD : Skal skipuð þeim liðum sem ekki eiga sæti í Úrvalsdeild eða I. Deild. Ef þátttöku lið eru 9 eða fleiri skal leikið í riðlum. Riðlakeppninni skal lokið fyrir 1. mars. Síðan skal leika til úrslita um tvö sæti í I. Deild að ári. Í þeirri keppni taka þátt þau lið sem urðu í 1. og 2. sæti í hverjum riðli og leika allir við alla heima og heiman. Taki 8 lið eða færri þátt skal leikið í einni deild og tvö efstu lið að lokinni keppni öðlast rétt til þátttöku í I. Deild.

Í keppni I. og II deildar gilda reglur FIBA um niðurröðun liðanna.

MEISTARAFLOKKUR KVENNA : Mótanefnd KKÍ skal ákveða keppnisfyrirkomulag hverju sinni með tilliti til fjölda þátttökkuliða og þá í samráði við þau. Sigurvegari í meistaraflokki kvenna telst Íslandsmeistari í körfuknattleik kvenna.

LÁVARÐAÐEILD : Í Lávarðadeild skal leikinn tvöföld umferð á tímabilinu nóvember til mars.

Þátttökuliðum í 1. og 2. aldursflokki karla skal skipt í riðla ef liðin eru 8 eða fleiri. Leikin skal einföld umferð allir við alla. Þeir sem flest stig hljóta keppa til úrslita. Sigurvegari er sá sem sigrar í úrslitakeppninni.

Keppni í öðrum flokkum en í deidum karla og kvenna, 1. og 2. aldursflokki karla skal hagað á eftirfarandi hátt.

Í 3., 4. og 5. aldursflokki karla og í 2. og 3. aldursflokki kvenna svo og í Minnibolta skal skipta liðum í 4-6 liða riðla þar sem þátttaka leyfir. Stefnt skal að því að MB og 4. flokkur karla svo og 3. flokkur kvenna leiki saman um helgi og 3. og 5. flokkur karla og 2. flokkur kvenna um aðra. Keppni þessi skal fara fram á tímabilinu nóvember til apríl. Í riðlunum skal leikið laugardag og sunnundag, ef með þarf skal einnig leika á föstudegi. Í þeim flokkum þar sem þátttaka leyfir tvo eða fleiri riðla skal raða í riðlana eftir getu liðanna. Bestu liðin leika í A-riðli, þau næstu í B-riðli og þau lökustu í C-riðli. Leikið skal í riðlum fjórum sinnum á keppnistímabilinu, eina helgi í senn og leika þá allir við alla, innan sama riðils. Ef þátttaka er það lítil að aðeins er hægt að hafa einn riðil þá er leyfilegt að leika þrisvar sinnum á keppnistímabilinu í þeim flokkum. Eftirfarandi færslur skulu vera á milli riðla eftir hverja umferð. Neðsta lið í A-riðli færist í B-riðil, efsta lið í B-riðli færist í A-riðil, neðsta lið í B-riðli færist í C-riðil og efsta lið í C-riðli færist í B-riðil í næstu umferð. Það lið sem flest stig hlýtur í A-riðli í síðustu umferð er Íslandsmeistari. Úrslit úr síðustu umferð ræður röðun lið í riðla næsta ár á eftir, en lið skulu þó færast milli riðla eins og að framan segir svo framarlega að fjöldi liða í riðlunum breytist ekki milli ára. Ef lið tekur þátt í Íslandsmóti sem ekki tók þátt í því árið áður þá skal það hefja keppni í lakasta riðlinum. Fjöldi liða í riðlunum skal ákveðinn þanning 7 lið eða færri leika í einum riðli, 8-12 lið leika í tveimur riðlum, 13-18 lið í þremur riðlum og fleiri en 18 í fjórum riðlum. Þar sem fjöldi liða innan sama aldursflokks er misjafn milli riðla, skal efri riðill eða efri riðlar hýsa fleiri lið en sá neðri eða þeir neðri. Komi í ljós, áður en mót hefst, að forföll hafi orðið á þátttöku er mótanefnd heimilt að færa lið milli riðla, svo að fjöldi liða í riðlunum verði sem jafnastur. Það skal þó gert með tilliti til styrkleika liðanna. KKÍ ber að tilnefna minnst einna dómara til umsjónar með hverri keppni. Skal hann ábyrgur fyrir leikskýrslum, að þær séu rétt útfylltar og berist mótanefnd innan tveggja daga frá keppni. Jafnframt starfar hann sem eftirlitsmaður með framkvæmd leikja og úrskurðar um öll deilumál sem upp kunna að koma eftir að keppni er hafin.

Í 5 aldursflokki og MB skal einungis heimilt að leika maður á mann vörn.



Verðlaun fyrir meistaramót má ekki afhenda, ef aðeins eitt lið tilkynnir þátttöku. Keppt skal um titilinn.

Mótanefnd er heimilt að skipta landinu í keppnissvæði. Á hverju svæði starfar sérstök svæðisnefnd, sem undirnefnd mótanefndar. Svæðisnefnd sér um framkvæmd svæðiskeppni, sem skal fara fram á tímabilinu október til mars. Svæðiskeppni fer fram í öllum flokkum nema Úrvalsdeild, I. Deild karla og meistaraflokki kvenna. Að loknum svæðiskeppnum fer fram sérstök úrslitakeppni. Mótanefnd annast framkvæmd úrslitakeppninnar.

8. grein : Í stað orðanna "leiki í Úrvalsdeild" komi "leiki í forkeppni Úrvalsdeildar og í Úrvalsdeild".

16. grein :

Í stað orðanna "þátttökurétt í átta liða úrslitum" kemur "þátttökurétt í tíu liða úrslitum".

Í stað orðanna "lausu sætin tvö í átta liða úrslitum" kemur "lausu sætin tvö í tíu liða úrslitum"

Í stað orðanna "Eftir að í átta liða úrslit kemur" komi "Eftir að í tíu liða úrslit kemur"

Í stað orðanna "Leikjum að átta liða úrslitum" kemur "Leikjum að tíu liða úrslitum".

26. grein : Á eftir orðunum "vegna ferðalaga leikmanna." kemur ný málsgrein "Tekjum og kostnaði af leikjum í forkeppni Úrvalsdeildar skal skipt jafnt milli liðanna á sama hátt og gert er í Bikarkeppni þegar einungis er um einn leik að ræða. Í úrslitakeppni Úrvalsdeildar og I. deildar hirðir heimalið allar tekjur og ber allann kostnað nema ef til þriðja leiks kemur milli tveggja liða þá skiptast tekjur og gjöld á sama hátt og í Bikarkeppni þegar um einn leik er að ræða."

Reglugerð fyrir mótanefnd 3. grein í stað orðanna "lið í Úrvalsdeild" kemur " lið í forkeppni Úrvalsdeildar og í Úrvalsdeild".

Reglugerð fyrir dómarnefnd 6.grein í stað orðanna "leiki í Úrvalsdeild" kemur "leiki í forkeppni Úrvalsdeildar og í Úrvalsdeild".

11. grein í núverandi mynd falli niður í staðin komi ný grein einnig númer 11 sem orðast svo.

Meistaramót Íslands í körfuknattleik innanhús skal halda á tímabilinu 1. október til 15. apríl. Sérráð eða þar til kvödd mótanefnd skal sjá um mótið.

Landsmót karla í meistaraflokki innanhúss skal vera í þrem deildum ÚRVALSDEILD, I. DEILD og II. DEILD.

ÚRVALSDEILD : Keppni Úrvalsdeildar hefst með forkeppni 12 liða, sem leiki einfalda umferð. Rétt til þátttöku í forkeppninni hafa þau 8 lið, sem þátt tóku í Úrvalsdeildinni keppnistímabilið áður svo og þau lið sem urðu í fjórum efstu sætum I. Deildar keppnistímabilið á undan. Liðin í forkeppninni raðast í lokastöðu samkvæmt reglum FIBA. Átta efstu sæti forkeppninnar gefa rétt til þátttöku í Úrvalsdeildinni, en 4. neðstu liðin taka þátt í keppni I. Deildar.

Þegar að forkeppninni lýkur hefst keppni í eiginlegri Úrvalsdeild, sem fer fram á þann hátt, að liðunum 8 er skipt í tvo riðla. Í öðrum riðlinum eru lið, sem urðu númer 1,3,5 og 7 í forkeppninni og í hinum er liðin sem urðu númer 2,4,6 og 8. Í báðum riðlum skal leikin tvöföld umferð - heima og heiman - og einföld umferð á milli riðlanna. Liðin raðast í lokastöðu í báðum riðlum samkvæmt reglum FIBA. Að lokinni riðlakeppni Úrvalsdeildar hefst 4. liða úrslitakeppni, með þátttöku tveggja efstu liðanna úr hvorum riðli. Úrslitakeppnin skal háð í þannig að lið númer 1 úr hvorum riðli leikur við lið númer 2 úr gagnstæðum riðli. Þau tvö lið sem fyrr sigra í tveimur leikjum leika síðan til úrslita. Það lið sem fyrr sigrar í tveimur leikjum telst sigurvegari Úrvalsdeildar og Íslandsmeistari í körfuknattleik. Um leikstaði í úrslitakeppninni gilda þær reglur að það lið sem ofar er að lokinni riðlakeppninni fær fyrsta heimaleik og þann þriðja ef til hans kemur. Ef þau tvö lið sem leika til úrslita eru úr gagnstæðum riðli fær það lið fyrsta heimaleik, sem sigraði í innbyrðis leik liðanna í Úrvalsdeildinni.

I. DEILD : Keppni I. Deildar hefst að lokinni forkeppninni. Í henni taka þátt þau fjögur lið sem urðu í fjórum neðstu sætum forkeppinnar (lið nr 9 til 12) ásamt liðinu sem varð í fimmta sæti I. Deildar keppnistímabilið áður og því liði sem sigraði í II. Deild síðast. Liðin leika tvöfalda umferð og raðast samkvæmt reglum FIBA. Sigurvegari er það lið sem er númer 1., en neðsta liðið fellur í II. Deild. Fjögur efstu lið I. Deildar öðlast rétt til þátttöku í forkeppninni að hausti.

II. DEILD : Skal skipuð þeim liðum sem ekki eiga sæti í Úrvalsdeild eða I. Deild. Ef þátttöku lið eru 9 eða fleiri skal leikið í riðlum. Riðlakeppninni skal lokið fyrir 1. mars. Síðan skal leika til úrslita um sæti í I. Deild að ári. Í þeirri keppni taka þátt þau lið sem urðu í 1. og 2. sæti í hverjum riðli og leika allir við alla heima og heiman. Taki 8 lið eða færri þátt skal leikið í einni deild og efsta liðið að lokinni keppni öðlast rétt til þátttöku í I. Deild. Fjögur efstu liðin öðlast rétt til þátttöku í forkeppninni.

Í keppni I. og II deildar gilda reglur FIBA um niðurröðun liðanna.

MEISTARAFLOKKUR KVENNA : Mótanefnd KKÍ skal ákveða keppnisfyrirkomulag hverju sinni með tilliti til fjölda þátttökkuliða og þá í samráði við þau. Sigurvegari í meistaraflokki kvenna telst Íslandsmeistari í körfuknattleik kvenna.

LÁVARÐADEILD : Í Lávarðadeild skal leikinn tvöföld umferð á tímabilinu nóvember til mars.

Þátttökuliðum í 1. og 2. aldursflokkum karla skal skipt í riðla ef liðin eru 8 eða fleiri. Leikin skal einföld umferð allir við alla. Þeir sem flest stig hljóta keppa til úrslita. Sigurvegari er sá sem sigrar í úrslitakeppninni.

Keppni í öðrum flokkum en í deidum karla og kvenna, 1. og 2. aldursflokkum karla skal hagað á eftirfarandi hátt.

Í 3.,4. og 5. aldursflokkum karla og í 2. og 3. aldursflokkum kvenna svo og í Minnibolta skal skipta liðum í 4-6 liða riðla þar sem þátttaka

leyfir. Stefnt skal að því að MB og 4. flokkur karla svo og 3. flokkur kvenna leiki saman um helgi og 3. og 5. flokkur karla og 2. flokkur kvenna um aðra. Keppni þessi skal fara fram á tímabilinu nóvember til apríl. Í riðlunum skal leikið laugardag og sunnundag, ef með þarf skal einnig leika á föstudegi. Í þeim flokkum þar sem þátttaka leyfir tvo eða fleiri riðla skal raða í riðlana eftir getu liðanna. Bestu liðin leika í A-riðli, þau næstu í B-riðli og þau lökustu í C-riðli. Leikið skal í riðlum fjórum sinnum á keppnistímabilinu, eina helgi í senn og leika þá allir við alla, innan sama riðils. Ef þátttaka er það lítil að aðeins er hægt að hafa einn riðil þá er leyfilegt að leika þrisvar sinnum á keppnistímabilinu í þeim flokkum. Eftirfarandi færslur skulu vera á milli riðla eftir hverja umferð. Neðsta lið í A-riðli færist í B-riðil, efsta lið í B-riðli færist í A-riðil, neðsta lið í B-riðli færist í C-riðil og efsta lið í C-riðli færist í B-riðil í næstu umferð. Það lið sem flest stig hlýtur í A-riðli í síðustu umferð er Íslandsmeistari. Úrslit úr síðustu umferð ræður röðun lið í riðla næsta ár á eftir, en lið skulu þó færast milli riðla eins og að framan segir svo framarlega að fjöldi liða í riðlunum breytist ekki milli ára. Ef lið tekur þátt í Íslandsmóti sem ekki tók þátt í því árið áður þá skal það hefja keppni í lakasta riðlinum. Fjöldi liða í riðlunum skal ákveðinn þannig 7 lið eða færri leika í einum riðli, 8-12 lið leika í tveimur riðlum, 13-18 lið í þremur riðlum og fleiri en 18 í fjórum riðlum. Þar sem fjöldi liða innan sama aldursflokks er misjafn milli riðla, skal efri riðill eða efri riðlar hýsa fleiri lið en sá neðri eða þeir neðri. Komi í ljós, áður en mót hefst, að forföll hafi orðið á þátttöku er mótanefnd heimilt að færa lið milli riðla, svo að fjöldi liða í riðlunum verði sem jafnastur. Það skal þó gert með tilliti til styrkleika liðanna. KKÍ ber að tilnefna minnst einna dómara til umsjónar með hverri keppni. Skal hann ábyrgur fyrir leikskýrslum, að þær séu rétt útfylltar og berist mótanefnd innan tveggja daga frá keppni. Jafnframt starfar hann sem eftirlitsmaður með framkvæmd leikja og úrskurðar um öll deilumál sem upp kunna að koma eftir að keppni er hafin.

Í 5 aldursflokkum og MB skal einungis heimilt að leika maður á mann vörn.

Verðlaun fyrir meistaramót má ekki afhenda, ef aðeins eitt lið tilkynnir þátttöku. Keppt skal um titilinn.

Mótanefnd er heimilt að skipta landinu í keppnissvæði. Á hverju svæði starfar sérstök svæðisnefnd, sem undirnefnd mótanefndar. Svæðisnefnd sér um framkvæmd svæðiskeppni, sem skal fara fram á tímabilinu október til mars. Svæðiskeppni fer fram í öllum flokkum nema Úrvalsdeild, I. Deild

karla og meistaraflokkki kvenna. Að loknum svæðiskeppnum fer fram sérstök úrslitakeppni. Mótanefnd annast framkvæmd úrslitakeppninnar.

8. grein : Í stað orðanna "leiki í Úrvalsdeild" komi "leiki í forkeppni Úrvalsdeildar og í Úrvalsdeild".

16. grein :

Í stað orðanna "þátttökurétt í átta liða úrslitum" kemur "þátttökurétt í tíu liða úrslitum".

Í stað orðanna "lausu sætin tvö í átta liða úrslitum" kemur "lausu sætin tvö í tíu liða úrslitum"

Í stað orðanna "Eftir að í átta liða úrslit kemur" komi "Eftir að í tíu liða úrslit kemur"

Í stað orðanna "Leikjum að átta liða úrslitum" kemur "Leikjum að tíu liða úrslitum".

26. grein : Á eftir orðunum "vegna ferðalaga leikmanna." kemur ný málsgrein "Tekjum og kostnaði af leikjum í forkeppni Úrvalsdeildar skal skipt jafnt milli liðanna á sama hátt og gert er í Bikarkeppni þegar einungis er um einn leik að ræða. Í úrslitakeppni Úrvalsdeildar hirðir heimalið allar tekjur og ber allann kostnað nema ef til þriðja leiks kemur milli tveggja liða þá skiptast tekjur og gjöld á sama hátt og í Bikarkeppni þegar um einn leik er að ræða."

Reglugerð fyrir mótanefnd 3. grein í stað orðanna "lið í Úrvalsdeild" kemur " lið í forkeppni Úrvalsdeildar og í Úrvalsdeild".

Reglugerð fyrir dómarnefnd 6.grein í stað orðanna "leiki í Úrvalsdeild" kemur "leiki í forkeppni Úrvalsdeildar og í Úrvalsdeild".

FIBA. Sigurvegari er það lið sem er númer 1., en tvö neðstu liðin falla í II. Deild. Fjögur efstu liðin öðlast þátttökurétt í forkeppninni að hausti.

II. DEILD : Skal skipuð þeim liðum sem ekki eiga sæti í Úrvalsdeild eða I. Deild. Ef þátttöku lið eru 9 eða fleiri skal leikið í riðlum. Riðlakeppninni skal lokið fyrir 1. mars. Síðan skal leika til úrslita um tvö sæti í I. Deild að ári. Í þeirri keppni taka þátt þau lið sem urðu í 1. og 2. sæti í hverjum riðli og leika allir við alla heima og heiman. Taki 8 lið eða færri þátt skal leikið í einni deild og tvö efstu lið að lokinni keppni öðlast rétt til þátttöku í I. Deild.

Í keppni I. og II deildar gilda reglur FIBA um niðurröðun liðanna.

MEISTARAFLOKKUR KVENNA : Mótanefnd KKÍ skal ákveða keppnisfyrirkomulag hverju sinni með tilliti til fjölda þátttökkuliða og þá í samráði við þau. Sigurvegari í meistaraflokki kvenna telst Íslandsmeistari í körfuknattleik kvenna.

LÁVARÐAÐEILD : Í Lávarðadeild skal leikinn tvöföld umferð á tímabilinu nóvember til mars.

Þátttökkuliðum í 1. og 2. aldursflokki karla skal skipt í riðla ef liðin eru 8 eða fleiri. Leikin skal einföld umferð allir við alla. Þeir sem flest stig hljóta keppa til úrslita. Sigurvegari er sá sem sigrar í úrslitakeppninni.

Keppni í öðrum flokkum en í deidum karla og kvenna, 1. og 2. aldursflokki karla skal hagað á eftirfarandi hátt.

Í 3.,4. og 5. aldursflokki karla og í 2. og 3. aldursflokki kvenna svo og í Minnibolta skal skipta liðum í 4-6 liða riðla þar sem þátttaka leyfir. Stefnt skal að því að MB og 4. flokkur karla svo og 3.flokkur kvenna leiki saman um helgi og 3. og 5. flokkur karla og 2. flokkur kvenna um aðra. Keppni þessi skal fara fram á tímabilinu nóvember til apríl. Í riðlunum skal leikið laugardag og sunnundag, ef með þarf skal einnig leika á föstudegi. Í þeim flokkum þar sem þátttaka leyfir tvo eða



11. grein í núverandi mynd falli niður í staðin komi ný grein einnig númer 11 sem orðast svo.

Meistaramót Íslands í körfuknattleik innanhús skal halda á tímabilinu 1. október til 15. apríl. Sérráð eða þar til kvödd mótanefnd skal sjá um mótið.

Landsmót karla í meistaraflokki innanhúss skal vera í þrem deildum ÚRVALSDEILD, I. DEILD og II. DEILD.

ÚRVALSDEILD : Keppni Úrvalsdeildar hefst með forkeppni 12 liða, sem leiki einfalda umferð. Rétt til þátttöku í forkeppninni hafa þau 8 lið, sem þátt tóku í Úrvalsdeildinni keppnistímabilið áður svo og þau lið sem urðu í fjórum efstu sætum I. Deildar keppnistímabilið á undan. Liðin í forkeppninni raðast í lokastöðu samkvæmt reglum FIBA. Átta efstu sæti forkeppninnar gefa rétt til þátttöku í Úrvalsdeildinni, en 4. neðstu liðin taka þátt í keppni I. Deildar.

Þegar að forkeppninni lýkur hefst keppni í eiginlegri Úrvalsdeild. Í Úrvalsdeildinni leika 8 lið tvöfalda umferð - heima og heiman -. Liðin raðast í lokastöðu samkvæmt reglum FIBA. Að lokinni deildarkeppni Úrvalsdeildar hefst úrslitakeppni, með þátttöku 4. efstu liða deildarinnar. Úrslitakeppnin skal háð þannig að lið númer 1 leikur við lið númer 3 og lið númer 2 við lið númer 4. Þau tvö lið sem fyrr sigra í tveimur leikjum leika síðan til úrslita. Það lið sem fyrr sigrar í tveimur leikjum telst sigurvegari Úrvalsdeildar og Íslandsmeistari í körfuknattleik. Um leikstaði í úrslitakeppninni gilda þær reglur að það lið sem ofar er að lokinni deildarkeppninni fær fyrsta heimaleik og þann þriðja ef til hans kemur.

I. DEILD : Keppni I. Deildar hefst að lokinni forkeppninni. Í henni taka þátt þau fjögur lið sem urðu í fjórum neðstu sætum forkeppninnar (lið nr 9 til 12) ásamt liðunum sem urðu í 5. og 6. sæti I. Deildar keppnistímabilið áður og tveim efstu liðum II. Deildar frá síðasta keppnistímabili. Liðin leika tvöfalda umferð og raðast samkvæmt reglum

fleiri riðla skal raða í riðlana eftir getu liðanna. Bestu liðin leika í A-riðli, þau næstu í B-riðli og þau lökustu í C-riðli. Leikið skal í riðlum fjórum sinnum á keppnistímabilinu, eina helgi í senn og leika þá allir við alla, innan sama riðils. Ef þátttaka er það lítil að aðeins er hægt að hafa einn riðil þá er leyfilegt að leika þrisvar sinnum á keppnistímabilinu í þeim flokkum. Eftirfarandi færslur skulu vera á milli riðla eftir hverja umferð. Neðsta lið í A-riðli færist í B-riðil, efsta lið í B-riðli færist í A-riðil, neðsta lið í B-riðli færist í C-riðil og efsta lið í C-riðli færist í B-riðil í næstu umferð. Það lið sem flest stig hlýtur í A-riðli í síðustu umferð er Íslandsmeistari. Úrslit úr síðustu umferð ræður röðun lið í riðla næsta ár á eftir, en lið skulu þó færast milli riðla eins og að framan segir svo framarlega að fjöldi liða í riðlunum breytist ekki milli ára. Ef lið tekur þátt í Íslandsmóti sem ekki tók þátt í því árið áður þá skal það hefja keppni í lakasta riðlinum. Fjöldi liða í riðlunum skal ákveðinn þanning 7 lið eða færri leika í einum riðli, 8-12 lið leika í tveimur riðlum, 13-18 lið í þremur riðlum og fleiri en 18 í fjórum riðlum. Þar sem fjöldi liða innan sama aldursflokks er misjafn milli riðla, skal efri riðill eða efri riðlar hýsa fleiri lið en sá neðri eða þeir neðri. Komi í ljós, áður en mót hefst, að forföll hafi orðið á þátttöku er mótanefnd heimilt að færa lið milli riðla, svo að fjöldi liða í riðlunum verði sem jafnastur. Það skal þó gert með tilliti til styrkleika liðanna. KKÍ ber að tilnefna minnst einna dómara til umsjónar með hverri keppni. Skal hann ábyrgur fyrir leikskýrslum, að þær séu rétt útfylltar og berist mótanefnd innan tveggja daga frá keppni. Jafnframt starfar hann sem eftirlitsmaður með framkvæmd leikja og úrskurðar um öll deilumál sem upp kunna að koma eftir að keppni er hafin.

Í 5 aldursflokki og MB skal einungis heimilt að leika maður á mann vörn.

Verðlaun fyrir meistaramót má ekki afhenda, ef aðeins eitt lið tilkynnir þátttöku. Kept skal um titilinn.

Mótanefnd er heimilt að skipta landinu í keppnissvæði. Á hverju svæði starfar sérstök svæðisnefnd, sem undirnefnd mótanefndar. Svæðisnefnd sér um framkvæmd svæðiskeppni, sem skal fara fram á tímabilinu október til mars. Svæðiskeppni fer fram í öllum flokkum nema Úrvalsdeild, I. Deild karla og meistaraflokkki kvenna. Að loknum svæðiskeppnum fer fram sérstök úrslitakeppni. Mótanefnd annast framkvæmd úrslitakeppninnar.

8. grein : Í stað orðanna "leiki í Úrvalsdeild" komi "leiki í forkeppni Úrvalsdeildar og í Úrvalsdeild".

16. grein :

Í stað orðanna "þátttökurétt í átta liða úrslitum" kemur "þátttökurétt í tíu liða úrslitum".

Í stað orðanna "lausu sætin tvö í átta liða úrslitum" kemur "lausu sætin tvö í tíu liða úrslitum"

Í stað orðanna "Eftir að í átta liða úrslit kemur" komi "Eftir að í tíu liða úrslit kemur"

Í stað orðanna "Leikjum að átta liða úrslitum" kemur "Leikjum að tíu liða úrslitum".

26. grein : Á eftir orðunum "vegna ferðalaga leikmanna." kemur ný málsgrein "Tekjum og kostnaði af leikjum í forkeppni Úrvalsdeildar skal skipt jafnt milli liðanna á sama hátt og gert er í Bikarkeppni þegar einungis er um einn leik að ræða. Í úrslitakeppni Úrvalsdeildar hirðir heimalið allar tekjur og ber allann kostnað nema ef til þriðja leiks kemur milli tveggja liða þá skiptast tekjur og gjöld á sama hátt og í Bikarkeppni þegar um einn leik er að ræða."

Reglugerð fyrir mótanefnd 3. grein í stað orðanna "lið í Úrvalsdeild" kemur " lið í forkeppni Úrvalsdeildar og í Úrvalsdeild".

Reglugerð fyrir dómarnefnd 6.grein í stað orðanna "leiki í Úrvalsdeild" kemur "leiki í forkeppni Úrvalsdeildar og í Úrvalsdeild".

STARFSREGLUR AGANEFNDAR K.K.Í.

1. gr.

Aganefnd skal skipuð 3 mönnum og einum til vara og sér stjórn K.K.Í. um tilnefningu þeirra.

2. gr.

Verkefni aganefndar er að úrskurða um þau atriði, er fram koma á leikskýrslum dómara, í leikjum, sem fram fara í landsmótum og bikarkeppnum á vegum K.K.Í., svo og landsleikjum og úrvalsleikjum, enda fjalli F.I.B.A. ekki um málið.

Fundir aganefndar skulu haldnir á þriðjudögum og skal taka skýrslu dómara fyrir á næsta fundi eftir að hún berst. Heimilt er að kalla nefndina saman á öðrum dögum, ef atla má að kveðinn hafi verið upp rangur úrskurður vegna villandi eða rangra upplýsinga í skýrslu dómara eða þegar mót eða úrslit móts margra liða eru sett niður á eina helgi.

Úrskurð sinn skal Aganefnd tilkynna strax að loknum fundi með skeyti til formanns viðkomandi körfuknattleiksdeildar eða þess aðila sem félagi hefur tilkynnt K.K.Í. um. Áætta af mistökum við afnendingu skeytis hvílir á móttakanda. Úrskurðir Aganefndar taka gildi kl. 12:00 næsta föstudag. Óheimilt er að taka út refsingu áður en úrskurður tekur gildi.

3. gr.

Aganefnd skal fjalla um brot leikmanna, félaga eða forustumanna félags.

4. gr.

Úrskurðum Aganefndar verður ekki áfrýjað.

5. gr.

Skriflegur eða munnlegur málflutningur er heimill þegar leikmanni hefur verið vísað af leikvelli. Sama á við þegar þjálfara eða forustumanni liðs hefur verið vísað frá leikvelli. Einnig þegar brot getur varðað við 7. tl. 6. gr.

Þegar félag óskar málflutnings, skal það tilkynnt Aganefnd með símskeyti innan sólarhrings frá því að leikur fór fram. Að þeim fresti liðnum tekur Aganefnd málið fyrir á næsta fundi að því tilskyldu, að skýrsla dómara hafi borist.

6. gr.

Viðurlög við brotum ákveðast sem hér segir:

A: leikmenn:

- 1.a. Leikmaður, sem áminntur hefur verið fjórum sinnum af dómara á keppnistímabilinu, án þess að vera vísað af leikvelli, skal úrskurðaður í eins leiks bann.
- 1.b. Leikmaður, sem áminntur hefur verið sex sinnum af dómara á keppnistímabilinu, án þess að vera vísað af leikvelli, skal úrskurðaður í eins leiks bann.
- 1.c. Leikmaður, sem áminntur hefur verið átta sinnum af dómara á keppnistímabilinu, án þess að vera vísað af leikvelli, skal úrskurðaður í tveggja leikja bann.
- 1.d. Ef um fleiri en átta áminningar er að ræða til leikmanns á keppnistímabilinu, án þess að vera vísað af leikvelli, skal Aganefnd taka ákvörðun um frekari refsingu í hverju einstöku tilviki.
- 2.a. Leikmaður, sem vísað er af leikvelli, skal úrskurðaður í eins leiks bann.
- 2.b. Leikmaður, sem vísað er af leikvelli í annað sinn á keppnistímabilinu, skal úrskurðaður í tveggja leikja bann.
- 2.c. Leikmaður, sem vísað er af leikvelli í þriðja sinn eða oftari á keppnistímabilinu, skal úrskurðaður í leikþann eftir mati aganefndar.
- 2.d. Sé leikmanni vísað af leikvelli eftir að hann hafi hlotið áminningu, skal hann eingöngu hljóta refsingu í samræmi við brottvísununa.
3. Hafi dómari vísað leikmanni af leikvelli fyrir ofsalega framkomu eða alvarlega grófan leik, skal refsa viðkomandi með leikbanni allt að 6 leikjum. Ef um ítrekun er að ræða, skal refsingin vera minnst 6 leikja bann.
4. Hendi framangreind atvik áður en leikur hefst, í leikhléi eða eftir að leik lýkur, þá skulu þau úrskurðuð á sama hátt.
5. Refsingar aganefndar er aðeins hægt að afplána í leikjum, sem um getur í 2. gr. hér að framan. Þegar leikmaður má leika með tveimur eða fleiri aldursflokkum á sama keppnistímabili, skal hann taka út refsingu í þeim aldursflokki, þar sem hann hefur unnið til hennar, þ.e. brot í hverjum einstökum aldursflokki skulu meðhöndlast sérstaklega. Þó skal Aganefnd heimilt að setja leikmann í bann í öllum aldursflokkum, ef um alvarlegt eða ítrekað brot er að ræða.

B: þjálfarar og forystumenn:

6. Ef þjálfari eða forystumaður liðs eru áminntir af dómara eða vísað frá leikvelli, skal þeim refsast eftir sömu reglum og gilda um leikmenn, þar sem þær eiga við.

C: brot félagsliða:

7. Ef ánoctendur gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum eða starfsmönnum leiks, er heimilt að svipta það lið, sem leikurinn var leikinn hjá næsta eða næstu heimaleikjum, þar til öryggi leikmanna og starfsmanna leiksins telst tryggt.

7. gr.

Ef skýrsla dómara hefur ekki borist til aganefndar innan 7 daga eða verið póstlögð innan 2ja daga (sunnudagar undanskildir) frá því leikurinn fór fram, er Aganefnd K.K.f. heimilt að vísa viðkomandi máli frá.

8. gr.

Brot framin á einu keppnistímabili hafa ekki ítrekunaráhrif á því næsta. Ef leikmaður á eftir að taka út refsingu þegar leiktímabili lýkur, skal það gert í byrjun næsta keppnistímabils viðkomandi leikmanns.

ENDIR STARFSREGLNA FYRIR AGANEFND

TILLAGA TIL BREYTINGA Á  
REGLUGERÐ FYRIR KÖRFUKNATTLEIKSMÓT

við 21. grein bætist eftirfarandi grein:

- f. Félag sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann, sem Aqanefnd hefur úrskurðað í leikbann, skal sata sekt að upphæð kr. 25.000.-, sé brotið framið í landsmótum 1. aldursflokka og bikarkeppni meistaraflokka. Sé brotið framið í öðrum flokkum skal sektin vera kr. 8.000.-, auk þess sem liðið skal sata tapi í viðkomandi leik samkvæmt gildandi körfuknattleiksreglum.

STJÓRN KKÍ

Niður falli:

"Úrvalsdeild: Skipuð sex liðum sem .....næsta leikár á eftir."

Í staðinn komi:

"Úrvalsdeild: Skipuð átta liðum sem skipt er í tvo riðla, A-riðil og B-riðil:

A-riðill	B-riðill
1	2
3	4
5	6
7	8

Lið nr. 1 eru Íslandsmeistarar hverju sinni, lið nr. 2 silfurverðlaunahafar hverju sinni, lið nr. 3 það sem var í 3 sæti undanfarið keppnistímabil og svo frv. Leikin er fjórföld umferð í hvorum riðli og auk þess leika riðlarnir innbyrðis tvær umferðir, þ.e.a.s. öll lið í A-riðli leika heima og heiman við öll liðin í B-riðli. Tvö efstu liðin í hvorum riðli öðlast rétt til þátttöku í úrslitakeppni Úrvalsdeildar sem leikin skal strax að lokinni riðlakeppinni. Lið raðast í lokastöðu riðlanna samkv. reglum FIBA.

Úrslitakeppnin skal háð í tveimur lotum, þannig: Það lið sem hafnar í 1. sæti í A-riðli skal keppa tvo eða þrjá leiki við það lið sem lendir í 2. sæti í B-riðli. Sömu leiðis skal það lið sem hafnar í 1. sæti í B-riðli keppa tvo eða þrjá leiki við það lið sem hafnar í 2. sæti í A-riðli. Skal það lið sem fyrr sigrar í tveimur leikjum halda áfram í lokaúrslit. Sigurliðin skulu síðan leika tvo eða þrjá leiki sín á milli til úrslita. Það lið sem fyrr sigrar í tveimur leikjum telst sigurvegari Úrvalsdeildar.

Um framkvæmd leikja í úrslitakeppninni gilda eftirfarandi reglur: Fyrri lota: Liðin í fyrstu sætum riðlanna skulu leika fyrsta leik á heimavelli. Annar leikurinn skal leikinn á heimavelli liðanna úr öðru sæti. Þurfi þriðja leikinn skal leikið á heimavelli liðanna úr fyrsta sæti. Seinni lota: Um leikstað í síðari lotu úrslitakeppinnar skal gilda að það lið sem fékk fleiri stig úr riðlakeppninni, skal leika fyrsta leikinn á heimavelli, annan á útivelli og þann þriðja ef með þarf á heimavelli. Ef liðin eru jöfn að stigum að lokinni riðlakeppinni gilda innbyrðisviðureignir liðanna. (samanb. 8 liða úrslit í bikarkeppni)

Um tekjuskiptingu í báðum lotum gilda reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti.

Þau tvö lið sem fæst stig hafa eftir riðlakeppnina hvort sem þau eru í sama riðli eður ei falla í 1. deild og leika þar næsta leikár á eftir.

1. deild: skal skipuð sex liðum sem leiki fjórfalda umferð.


2. deild: skal skipuð þeim aðilum sem ekki eiga lið í Úrvalsdeild eða í 1. deild. Ef þátttökulið eru 10 eða fleiri skal leikið í riðlum. Riðlakeppni skal lokið fyrir 1. mars.

Síðan skal leikið til úrslita um sæti í 1. deild að ári. Í þeirri keppni taka þátt þau lið sem urðu í 1. og 2. sæti í hverjum riðli og leika allir við alla heima og heiman.

Í Lávarðadeild skal leikin tvöföld umferð á tímabilinu nóvember til mars.

Tvö efstu liðin í 1. deild öðlast rétt til þátttöku í Úrvalsdeild næsta leikár á eftir.

Sigurvegarar í 2. deild öðlast rétt til að leika í 1. deild næsta leikár á eftir."

  
Eyjólfur Þór Guðlaugsson.



Breytingartillaga við 16. grein um körfuknattleiksmót.


Niður falli:

"Bikarkeppnin fer fram á eftirfarandi hátt:.....þó aldrei tvisvar í röð."

Í staðinn komi:

"Bikarkeppnin fer fram á eftirfarandi hátt: Leika skal þannig að eins fljótt og unnt er verði fjöldi þáttökuliða heilt veldi af tveimur. Í Bikarkeppni 1. aldursflokks karla A-liða gildir að þau lið sem leika í Úrvalsdeild öðlast sjálfkrafa þáttökurétt í sextán liða úrslitum ásamt átta liðum sem þá eru eftir úr neðri deildunum.

Keppnin um lausu sætin átta í sextán liða úrslitum í 1. aldursflokki svo og keppnin í yngri flokkum fer þannig fram að dregið er um hvaða lið leika saman og fær það lið sem fyrr er dregið heimaleik þó aldrei tvisvar í röð."


  
Eyjólfur Þór Guðlaugsson

BREYTINGARTILLAGA Á REGLUGERÐ UM FRAMKVÆMD ÍSLANDSMÓTS YNGRI FLOKKA.

A eftir: og B-riðli niður eftir hverja umferð


Komi: Umferðirnar verði þrjár nema í A-riðli þar leiki liðin sem hann skipa eftir 3ju umferð eina umferð um Íslandsmeistaratitilinn.

Skipting í riðla næsta keppnistímabil á eftir verði sú sama og er eftir 3ju umferð.

  
Eiríkur Sigurðsson

TILLAGA TIL 26. ÁRSPINGS K.K.I. UM DÓMARAKOSTNAÐ.

Tillaga þessi er um að 26. ársþing K.K.I. samþykki að ferðakostnaður dómara verði tekinn inn í sameiginleg dómaragjöld, og geri stjórn K.K.I. áætlun um ferðakostnað dómara fyrir keppnistímabil og deili honum niður á fjölda þátttökuliða meistaraflokks á Íslandsmóti. Gjald dagar dómaragjalda verði fimm. Sá fimmti verði strax að afloknu Íslandsmóti og gefi þannig stjórninni möguleika á að leiðrétta ofreiknaðan eða vanreiknaðan ferðakostnað.

  
Eiríkur Sigurðsson

F J Á R H A G S Á Æ T L U N      K.K.Í.      1.6. 1986 - 30.4. 1987.

TEKJUR:

Þátttökugjöld í Íslandsmóti	kr.	520.000,00
Tekjur af leikjum í Ísl. móti	"	120.000,00
Tekjur af leikskrá	"	120.000,00
Þátttökugjöld í bikarkeppni	"	120.000,00
Styrkur ÍSÍ	"	540.000,00
Sjónvarpsréttindi	"	350.000,00
Selt kennsluefni	"	90.000,00
Skuldunautar	"	590.000,00
Óinnheimtar auglýsingar	"	300.000,00
	kr.	<u>2.750.000,00</u>

GJÖLD:

Íslandsmót	kr.	140.000,00
Bikarkeppni	"	30.000,00
Framkvæmdastjóri	"	300.000,00
Akstur	"	70.000,00
Rekstur skrifstofu	"	210.000,00
Þinghald, fundir, gjafir o.fl.	"	140.000,00
Styrkur til landsliðsnefndar	"	300.000,00
Styrkur til unglínganefndar	"	180.000,00
Styrkur til kvennalandsliðsnefndar	"	50.000,00
Ýmis kostnaður	"	80.000,00
Ógreiddir reikningar	"	1.250.000,00
	kr.	<u>2.750.000,00</u>

Þingskjöl eins og þau voru borin undir atkvæði samþykkt eða felld.

TEKJUR:

Þátttökugjöld í Íslandsmóti	kr.	520.000,00
Tekjur af leikjum í ísl. móti	"	120.000,00
Tekjur af leikskrá	"	120.000,00
Þátttökugjöld í bikarkeppni	"	120.000,00
Styrkur ÍSÍ	"	540.000,00
Sjónvarpsréttindi	"	350.000,00
Selt kennsluefni	"	90.000,00
Skuldunautar	"	590.000,00
Óinnheimtar auglýsingar	"	300.000,00
		<u>kr. 2.750.000,00</u>

GJÖLD:

Íslandsmót	kr.	140.000,00
Bikarkeppni	"	30.000,00
Framkvæmdastjóri	"	300.000,00
Akstur	"	70.000,00
Rekstur skrifstofu	"	210.000,00
Þinghald, fundir, gjafir o.fl.	"	140.000,00
Styrkur til landsliðsnefndar	"	300.000,00
Styrkur til unglínganefndar	"	200.000,00
Styrkur til kvennalandsliðsnefndar	"	50.000,00
Ýmis kostnaður	"	60.000,00
Ógreiddir reikningar	"	1.250.000,00
		<u>kr. 2.750.000,00</u>

(Samþykkt)

26. ársþing KKÍ vísar framkominni tillögu um sameiginlegar ferða-  
kostnað dómara frá (sjá þingskjal nr. 7).

Stjórn KKÍ skal skipa þriggja manna millipinganefnd til þess að  
skoða þessa tillögu og gera áætlun um kostnaðarhliðina svo og  
hvernig eigi að framkvæma tillöguna.

Nefndin skal kynna niðurstöður sínar fyrir Stjórn KKÍ og aðildar-  
félögum eigi síðar en 1. febrúar 1987.

Kristinn Albertsson

Jón Sigurðsson

Hannes Ágúst Jóhannesson

(Samþykkt)

26. ársþing KKÍ samþykkir að afskrifa skuld Unglinganefndar við  
Stjórn KKÍ um kr. 30.000,00

Kristinn Albertsson

Jón Sigurðsson

Hannes Ágúst Jóhannesson

(Samþykkt)

STARFSREGLUR AGANEFNDAR K.K.Í.

1. gr.

Aganefnd skal skipuð 3 mönnum og einum til vara og sér stjórn K.K.Í. um tilnefningu þeirra.

2. gr.

Verkefni aganefndar er að úrskurða um þau atriði, er fram koma á leikskýrslum dómara, í leikjum, sem fram fara í landsmótum og bikarkeppnum á vegum K.K.Í., svo og landsleikjum og úrvalsleikjum, enda fjalli F.I.B.A. ekki um málið.

Fundir aganefndar skulu haldnir á þriðjudögum og skal taka skýrslu dómara fyrir á næsta fundi eftir að hún berst. Heimilt er að kalla nefndina saman á öðrum dögum, ef ætla má að kveðinn hafi verið upp rangur úrskurður vegna villandi eða rangra upplýsinga í skýrslu dómara eða þegar mót eða úrslit móts margra liða eru sett niður á eina helgi.

Úrskurð sinn skal Aganefnd tilkynna strax að loknum fundi með skeyti til formanns viðkomandi körfuknattleiksdeildar eða þess aðila sem félagið hefur tilkynnt KKÍ um. Áhætta af mistökum við afhendingu skeytis hvílir á móttakanda. Úrskurðir Aganefndar taka gildi kl. 12:00 næsta föstudag. Óheimilt er að taka út refsingu áður en úrskurður tekur gildi.

3. gr.

Aganefnd skal fjalla um brot leikmanna, félaga eða forustumanna félags.

4. gr.

Úrskurðum Aganefndar verður ekki áfrýjað.

5. gr.

Skriflegur eða munnlegur málflutningur er heimill þegar leikmanni hefur verið vísað af leikvelli. Sama á við þegar þjálfara eða forystumanni liðs hefur verið vísað frá leikvelli. Einnig þegar brot getur varðað við 6. tl. 6. gr.

Þegar félag óskar málflutnings, skal það tilkynnt Aganefnd með símskeyti innan sólarhrings frá því að leikur fór fram. Að þeim fresti liðnum tekur Aganefnd málið fyrir á næsta fundi að því tilskyldu, að skýrsla dómara hafi borist.



6. gr.

Viðurlög við brotum ákveðast sem hér segir:

A: leikmenn:

- 1.a. Leikmaður, sem vísað er af leikvelli, skal úrskurðaður í eins leiks bann.
- 1.b. Leikmaður, sem vísað er af leikvelli í annað sinn á keppnistímabilinu, skal úrskurðaður í tveggja leikja bann.
- 1.c. Leikmaður, sem vísað er af leikvelli í þriðja sinn eða oftár á keppnistímabilinu, skal úrskurðaður í leikbann eftir mati aganefndar.
2. Hafi dómari vísað leikmanni af leikvelli fyrir ofsalega framkomu eða alvarlega grófan leik, skal refsa viðkomandi með leikbanni alllt að 6 leikjum. Ef um ítrekun er að ræða, skal refsingin vera minnst 6 leikja bann.
3. Hendi framangreind atvik áður en leikur hefst, í leikhléi eða eftir að leik lýkur, þá skulu þau úrskurðuð á sama hátt.
4. Refsingar aganefndar er aðeins hægt að afplána í leikjum, sem um getur í 2. gr. hér að framan. Þegar leikmaður má leika með tveimur eða fleiri aldursflokkum á sama keppnistímabili, skal hann taka út refsingu í þeim aldursflokki, þar sem hann hefur unnið til hennar, þ.e. brot í hverjum einstökum aldursflokki skal farið með sérstaklega. Þó skal Aganefnd heimilt að setja leikmann í bann í öllum aldursflokkum, ef um alvarlegt eða ítrekað brot er að ræða.

B: þjálfarar og forystumenn:

5. Ef þjálfara eða forystumanni liðs er vísað frá leikvelli, skal þeim refsað eftir sömu reglum og gilda um leikmenn, þar sem þær eiga við.

C: brot félagsliða:

6. Ef áhorfendur gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum eða starfsmönnum leiks, er heimilt að svipta það lið, sem leikurinn var leikinn hjá næsta eða næstu heimaleikjum, þar til öryggi leikmanna og starfsmanna leiksins telst tryggt.

7. gr.

Ef skýrsla dómara hefur ekki borist til aganefndar innan 7 daga eða verið póstlögð innan 2ja daga (sunnudagar undanskildir) frá því leikurinn fór fram, er Aganefnd K.K.Í. heimilt að vísa viðkomandi máli frá.

8. gr.

Brot framin á einu keppnistímabili hafa ekki ítrekunaráhrif á því næsta. Ef leikmaður á eftir að taka út refsingu þegar leiktímabili lýkur, skal það gert í byrjun næsta keppnistímabils viðkomandi leikmanns.

ENDIR STARFSREGLNA FYRIR AGANEFND

Sigurður V. Halldórsson

Þorgeir I. Njálsson

Sigurður Hjörleifsson

(Samþykkt)

BREYTINGARTILLAGA VIÐ TILLÖGU STJÓRNAR KKÍ UM  
VIÐBÓT VIÐ 21. GREIN  
REGLUGERÐAR UM KÖRFUKNATTLEIKSMÓT

GREININ ORÐIST SVO:

21. gr.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum sem hér segir:

- a. Ef leikmaður fullnægir ekki skilyrðum 3. greinar skulu félagi hans dæmdir tapaðir þeir leikir, sem hann tekur þátt í.
- b. Brot á 8. grein varðar leiktapi og ef sannast að leikmaður hafi vísvitandi sagt rangt til um aldur skal hann sæta leikbanni til loka keppnistímabilsins.
- c. Lið sem hættir leik, áður en dómari gefur merki um að leiktími sé liðinn, má setja í leikbann allt að sex mánuðum, bæði liðið sem heild og hvern einstakan leikmann og sæta sekt allt að kr. 25.000.-.
- d. Brot gegn 14. grein varða sektum, auk tapaðs leiks ef forföll eru ekki lögmæt. Lágmarks sekt skal vera kr. 3.000.-, en að auki skal hinn brotlegi aðili greiða allan kostnað sem hinn aðilinn hefur orðið fyrir og mótanefnd samþykkir. Þá má setja hinn brotlega aðila í leikbann allt að þremur mánuðum.
- e. Ef kappleikur er háður í banni viðkomandi körfuknattleiksráðs, skal aðgangseyrir gerður upptækur og renna til viðkomandi ráðs. Ef leikurinn er háður í banni KKÍ skal aðgangseyrir renna til KKÍ.
- f. Félag sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann, sem Aganefnd hefur úrskurðað í leikbann, skal sæta sekt að upphæð kr. 25.000.-, sé brotið framið í landsmótum 1. aldursflokka og bikarkeppni meistaraflokka. Sé brotið framið í öðrum flokkum skal sektin vera kr. 8.000.-, auk þess að félagið telst hafa fyrirgert viðkomandi leik samkvæmt gildandi körfuknattleiksreglum.

Sektir sem dæmdar eru samkvæmt reglugerð þessari skulu renna til unglínganefndar KKÍ.

(Samþykkt)

Sigurður V. Halldórsson  
Þorgeir I. Njálsson  
Sigurður Hjörleifsson

26. ársþing KKÍ vísar framkomnum tillögum um breytt keppnisfyrir-  
Íslandsmóti frá. Stjórn KKÍ skal skipa þriggja manna millipinga-  
nefnd til að skoða þær tillögur sem fram eru komnar og vinna úr  
þeim nýtt heildarskipulag fyrir keppni á Íslandsmóti í körfuknatt-  
leik, sem lagt verði fram á næsta þingi. Nefndin skal kynna hug-  
myndir sínar fyrir stjórn KKÍ og aðildarfélögum eigi síðar en  
1. desember 1986.

Auðunn Ágústsson  
Brynjar Sigmundsson

(Samþykkt)

Breytingartillaga við tillögu Eyjólfss Guðlaugssonar um 11. grein um körfuknattleiksmót sem taki gildi strax keppnistímabilið 1986-1987.

11. grein í núverandi mynd falli niður í staðin komi ný grein einnig númer 11 sem orðist svo.

Meistaramót Íslands í körfuknattleik innanhúss skal halda á tímabilinu 1. október til 15. apríl. Sérráð eða þar til kvödd mótanefnd skal sjá um mótið.

Landsmót karla í meistaraflokki innanhúss skal vera í þrem deildum ÚRVALSDEILD, I. DEILD og II. DEILD.

ÚRVALSDEILD: Keppni Úrvalsdeildar hefst með forkeppni 12 liða, sem leiki einfalda umferð. Rétt til þátttöku í forkeppninni eiga þau 6 lið sem eiga að skipa úrvalsdeild að ári ásamt þeim 6 liðum sem eiga að skipa I. deild að ári. Liðin í forkeppninni raðast í lokastöðu samkvæmt reglum FIBA. Átta efstu sæti forkeppinnar gefa rétt til þátttöku í Úrvalsdeildinni, en 4. neðstu liðin taka þátt í keppni I. deildar.

Forkeppnin skal fara fram á tímabilinu 1. október til 1. desember. Þegar að forkeppninni lýkur hefst keppni í eiginlegri Úrvalsdeild. Í Úrvalsdeildinni leika 8 lið tvöfalda umferð heima og heiman. Liðin raðast í lokastöðu samkvæmt reglum FIBA. Að lokinni deildarkeppni Úrvalsdeildar hefst úrslitakeppni, með þátttöku 4. efstu liða deildarinnar. Úrslitakeppnin skal háð þannig að lið númer 1 leikur við lið númer 3 og lið númer 2 við númer 4. Þau tvö lið sem fyrr sigra í tveimur leikjum leika síðan til úrslita. Það lið sem fyrr sigrar í tveimur leikjum telst sigurvegari Úrvalsdeildar og Íslandsmeistari í körfuknattleik. Um leikstaði í úrslitakeppninni gilda þær reglur að það lið sem ofar er að lokinni deildarkeppni fær fyrsta heimaleik og þann þriðja ef til hans kemur.

I. DEILD: Keppni I. deildar hefst að lokinni forkeppninni. Í henni taka þátt þau fjögur lið sem urðu í fjórum neðstu sætum forkeppinnar (lið nr. 9 til 12) Ásamt þeim 3 liðum sem þátt tóku í úrslitakeppni II. deildar keppnistímabilið 85-86 og ekki unnu sér sæti í I. deild og einnig það lið sem féll úr I. deild 85-86.

Þau 4 lið sem skipa I. deild og ekki eiga rétt til þátttöku í forkeppni úrvalsdeildar geta hafið keppnistímabilið á tímabilinu 1. október til 1. desember með einfaldri umferð innbyrðis.

Liðin leika tvöfalda umferð og raðast samkvæmt reglum FIBA. Sigurvegari er það lið sem er númer 1., en tvö neðstu liðin falla í II. deild. Fjögur efstu liðin öðlast þátttökurétt í forkeppni að hausti.

II: DEILD: Skal skipuð þeim liðum sem ekki eiga sæti í Úrvalsdeild eða I. deild. Ef þátttökulið eru 9 eða fleiri skal leikið í riðlum. Þó skal stjórn KKÍ vera heimilt að skipta liðum í riðla þó þátttökulið séu 9 eða færri komi um það eindregin ósk þátttökuliða í deildinni. Riðlakeppninni skal lokið fyrir 1. mars. Síðan skal leika til úrslita um tvö sæti í I. deild að ári. Í þeirri keppni taka þátt þau lið sem urðu í 1. og 2. sæti í hverjum riðli og leika allir við alla heima og heiman. Taki 8 lið eða færri þátt og leikið er í einni deild þá öðlast tvö efstu lið að lokinni keppni rétt til þátttöku í I. deild.

Í keppni I. og II deildar gilda reglur FIBA um niðurröðun liðanna.

MEISTARAFLOKKUR KVENNA : Mótanefnd KKÍ skal ákveða keppnisfyrirkomulag hverju sinni með tilliti til fjölda þátttökkuliða og þá í samráði við þau. Sigurvegari í meistaraflokki kvenna telst Íslandsmeistari í körfuknattleik kvenna.

LÁVARÐAÐEILD : Í Lávarðadeild skal leikinn tvöföld umferð á tímabilinu nóvember til mars.

Þátttökuliðum í 1. og 2. aldursflokkum karla skal skipt í riðla ef liðin eru 8 eða fleiri. Leikin skal einföld umferð allir við alla. Þeir sem flest stig hljóta keppa til úrslita. Sigurvegari er sá sem sigrar í úrslitakeppninni.

Keppni í öðrum flokkum en í deildum karla og kvenna, 1. og 2. aldursflokkum karla skal hagað á eftirfarandi hátt.

Í 3., 4. og 5. aldursflokkum karla og í 2. og 3. aldursflokkum kvenna svo og í Minnibolta skal skipta liðum í 4-6 liða riðla þar sem þátttaka leyfir. Stefnt skal að því að MB og 4. flokkur karla svo og 3. flokkur kvenna leiki saman um helgi og 3. og 5. flokkur karla og 2. flokkur kvenna um aðra. Keppni þessi skal fara fram á tímabilinu nóvember til apríl. Í riðlunum skal leikið laugardag og sunnundag, ef með þarf skal einnig leika á föstudegi. Í þeim flokkum þar sem þátttaka leyfir tvo eða

fleiri riðla skal raða í riðlana eftir getu liðanna. Bestu liðin leika í A-riðli, þau næstu í B-riðli og þau lökustu í C-riðli. Leikið skal í riðlum fjórum sinnum á keppnistímabilinu, eina helgi í senn og leika þá allir við alla, innan sama riðils. Ef þátttaka er það lítil að aðeins er hægt að hafa einn riðil þá er leyfilegt að leika þrisvar sinnum á keppnistímabilinu í þeim flokkum. Eftirfarandi færslur skulu vera á milli riðla eftir hverja umferð. Neðsta lið í A-riðli færist í B-riðil, efsta lið í B-riðli færist í A-riðil, neðsta lið í B-riðli færist í C-riðil og efsta lið í C-riðli færist í B-riðil í næstu umferð. Það lið sem flest stig hlýtur í A-riðli í síðustu umferð er Íslandsmeistari. Úrslit úr síðustu umferð ræður röðun lið í riðla næsta ár á eftir, en lið skulu þó færast milli riðla eins og að framan segir svo framarlega að fjöldi liða í riðlunum breytist ekki milli ára. Ef lið tekur þátt í Íslandsmóti sem ekki tók þátt í því árið áður þá skal það hefja keppni í lakasta riðlinum. Fjöldi liða í riðlunum skal ákveðinn þanning 7 lið eða færri leika í einum riðli, 8-12 lið leika í tveimur riðlum, 13-18 lið í þremur riðlum og fleiri en 18 í fjórum riðlum. Þar sem fjöldi liða innan sama aldursflokks er misjafn milli riðla, skal efri riðill eða efri riðlar hýsa fleiri lið en sá neðri eða þeir neðri. Komi í ljós, áður en mót hefst, að forföll hafi orðið á þátttöku er mótanefnd heimilt að færa lið milli riðla, svo að fjöldi liða í riðlunum verði sem jafnastur. Það skal þó gert með tilliti til styrkleika liðanna. KKÍ ber að tilnefna minnst einna dómara til umsjónar með hverri keppni. Skal hann ábyrgur fyrir leikskýrslum, að þær séu rétt útfylltar og berist mótanefnd innan tveggja daga frá keppni. Jafnframt starfar hann sem eftirlitsmaður með framkvæmd leikja og úrskurðar um öll deilumál sem upp kunna að koma eftir að keppni er hafin.

Í 5 aldursflokki og MB skal einungis heimilt að leika maður á mann vörn.

Verðlaun fyrir meistaramót má ekki afhenda, ef aðeins eitt lið tilkynnir þátttöku. Keppt skal um titilinn.

Mótanefnd er heimilt að skipta landinu í keppnissvæði. Á hverju svæði starfar sérstök svæðisnefnd, sem undirnefnd mótanefndar. Svæðisnefnd sér um framkvæmd svæðiskeppni, sem skal fara fram á tímabilinu október til mars. Svæðiskeppni fer fram í öllum flokkum nema Úrvalsdeild, I. Deild karla og meistaraflokkur kvenna. Að loknum svæðiskeppnum fer fram sérstök úrslitakeppni. Mótanefnd annast framkvæmd úrslitakeppninnar.



8. grein : Í stað orðanna "leiki í Úrvalsdeild" komi "leiki í forkeppni Úrvalsdeildar og í Úrvalsdeild".

16. grein :

Í stað orðanna "þátttökurétt í átta liða úrslitum" kemur "þátttökurétt í tíu liða úrslitum".

Í stað orðanna "lausu sætin tvö í átta liða úrslitum" kemur "lausu sætin tvö í tíu liða úrslitum"

Í stað orðanna "Eftir að í átta liða úrslit kemur" komi "Eftir að í tíu liða úrslit kemur"

Í stað orðanna "Leikjum að átta liða úrslitum" kemur "Leikjum að tíu liða úrslitum".

26. grein : Á eftir orðunum "vegna ferðalaga leikmanna." kemur ný málsgrein "Tekjum og kostnaði af leikjum í forkeppni Úrvalsdeildar skal skipt jafnt milli liðanna á sama hátt og gert er í Bikarkeppni þegar einungis er um einn leik að ræða. Í úrslitakeppni Úrvalsdeildar hirðir heimalið allar tekjur og ber allann kostnað nema ef til þriðja leiks kemur milli tveggja liða þá skiptast tekjur og gjöld á sama hátt og í Bikarkeppni þegar um einn leik er að ræða."

Reglugerð fyrir mótanefnd 3. grein í stað orðanna "lið í Úrvalsdeild" kemur " lið í forkeppni Úrvalsdeildar og í Úrvalsdeild".

Reglugerð fyrir dómarnefnd 6.grein í stað orðanna "leiki í Úrvalsdeild" kemur "leiki í forkeppni Úrvalsdeildar og í Úrvalsdeild".

Eiríkur Sigurðsson

(Fellt)

ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA

Breytingar þær sem fjalla um skipan og keppnisfyrirkomulag í Úrvalsdeild og I. deild taka gildi keppnistímabilið 1986-1987, þannig að þau lið sem skipa nú Úrvalsdeild og I. deild taka þátt í undankeppni þeirri sem kveðið er á um.

Þau 4 sæti sem laus verða í I. deild skulu koma í hlut þeirra liða þriggja lið úr II. deild sem næst voru því að vinna sér sæti í I. deild síðasta keppnistímabil og þess liðs sem féll í II. deild.

Sigurður Valur Halldórsson

(Fellt)

